

Niðurstöður úr foreldrakönnun janúar 2020.

Netkönnun (Survey Monkey) var send út á foreldra í byrjun janúar. Könnunin var send út með því að setja tengil inn á könnunina á facebooksíður deildanna. 79 foreldrar svöruðu könnuninni en ekki er vitað hvort að þarna séu svör frá báðum foreldrum einstaka barna (þó er gert ráð fyrir að aðeins annað foreldri hafi svarað). Í leikskólanum voru um 118 börn á þessum tíma. Enskumælandi foreldrar fengu þýðingu á spurningunum.

1. Telur þú að barninu þínu líði vel í leikskólanum?

| | | |
|----------------------------|----|--------|
| Já | 75 | 94,94% |
| Nei | 0 | |
| Veit ekki/ Get ekki svarað | 3 | 3,80% |

2. Fylgist þú með námi og framförum barnsins þíns?

| | | |
|---------------------------|----|--------|
| Já | 77 | 97,47% |
| Nei | 0 | |
| Veit ekki/get ekki svarað | 2 | 2,53% |

3. Færðu nægar upplýsingar um leikskólastarfið eða viltu heyra meira?

| | | |
|---|----|--------|
| Ég fæ nægar upplýsingar | 52 | 65,82% |
| Ég fæ ekki nægar upplýsingar og vil heyra meira | 22 | 27,85% |
| Veit ekki/get ekki svarað | 4 | 5,06% |

4. Finnur þú þig velkomin/n inn á deild barnsins þíns?

| | | |
|---------------------|----|--------|
| Já, að öllu leyti | 53 | 67,09% |
| Já, að mestu leyti | 24 | 30,38% |
| Að einhverju leyti | 1 | 1,27% |
| Nei, að litlu leyti | 1 | 1,27% |
| Nei, að engu leyti | 0 | |

5. Upplifir þú gott eða slæmt viðmót frá starfsfólki?

| | | |
|----------------------|----|--------|
| Mjög gott | 54 | 68,35% |
| Frekar gott | 23 | 29,11% |
| Hvorki gott né slæmt | 1 | 1,27% |
| Frekar slæmt | 0 | |
| Mjög slæmt | 1 | 1,27% |

6. Myndirðu vilja koma oftari í heimsókn í leikskólann?

| | | |
|----------------------------|----|--------|
| Já | 40 | 50,63% |
| Nei | 18 | 22,78% |
| Veit ekki/get ekki svarað | 21 | 26,58% |
| Ef já, viltu útskýra nánar | | |

7. Telur þú mikilvægt að mæta á foreldrafundi þegar þeir eru í boði til dæmis að hausti?

| | | |
|---------------------------|----|--------|
| Já | 68 | 86,08% |
| Nei | 7 | 8,86% |
| Veit ekki/get ekki svarað | 3 | 3,80% |

8. Hvaða leiðir væri hægt að fara til að efla samstarf milli foreldra og leikskóla?

9. Var barnið þitt nýtt í leikskólanum nú í haust?

| | | |
|-----|----|--------|
| Já | 20 | 25,32% |
| Nei | 59 | 74,68% |

10. Ef svo, hvernig gekk aðlögun að þínu mati?

| | | |
|--------------------|----|--------|
| Mjög vel | 19 | 47,50% |
| Frekar vel | 4 | 10% |
| Hvorki vel né illa | 8 | 20% |
| Frekar illa | 4 | 10% |
| Mjög illa | 0 | |

Ýmsar tillögur og athugasemdir bárust sem stjórnendateymi skoðar og fjallar um. Varðandi upplýsingaflæði kom helst fram að allar deildir mættu skrifa skilaboð á upplýsingatöflur á hverjum degi og að foreldrar eru ánægðir með að sjá myndir úr starfinu á facebook.

Margir lýstu yfir ánægju með foreldraheimsóknum í haust þar sem foreldrum var boðið að taka þátt í ýmsu starfi innan leikskólans.

Til athugunar:

- Skrifa á töfluna fyrir utan deild.
- Myndir á facebook
- Foreldraheimsóknir að hausti-mikil ánægja, halda áfram
- Skilaboð í lok dags
- Aðlögun milli deilda
- Foreldraviðtöl